

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

Raforkuverð – Yfirlit

A – Almennir taxtar.

A.1	Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	7,23 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 769,00 kr/ár
A.2	Verð á raforku til heimilisnotkunar	
	Orkugjald	5,91 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 769,00 kr/ár
A.3	Verð á raforku til mannvirkjagerðar	
	Orkugjald	9,60 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	3 011,00 kr/ár

B – Afltaxtar.

B.1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar.	
	Fastagjald	33 895,00 kr/ár
	Orkugjald	2,16 kr/kWh
	Aflgjald	8 475,00 kr/kWh/ár
	Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.	

C – Hitun.

C.1	Verð á raforku til órofinnar hitunar.	
	Orkugjald	3,75 kr/kWh
	Fast gjald	5 094,00 kr/ár
C.2	Verð á raforku til rofinnar hitunar	
	Orkugjald	1,97 kr/kWh
	Fast gjald	3 299,00 kr/ár
	Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring.	

Önnur fastagjöld.

Fast gjald fyrir þriggja fasa notkun á A og C liðum skal vera tvöfalt.

Mælitæki.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja sem notuð eru við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyrirmælum rafveitunnar.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugagjöld:
25A 1 fasa	8 760,00
63A 1 fasa	43 400,00
63A 3 fasa	47 400,00
100A 3 fasa	72 700,00
200A 3 fasa	150 000,00
315A 3 fasa	235 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar skal greiða gjald kr. 1 300,00.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 1 300,00 gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. mars 1989 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 71, 1. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 390, 25. júlí 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1989.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

4. apríl 1989

Nr. 171

GJALDSKRÁ**Rafveitu Eyrarbakka.**

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,66 kr/kWh
Fastagjald F 1	3 048,00 kr/ár

A 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	10,36 kr/kWh
Fastagjald F 1	3 048,00 kr/ár

A 3. Utanhússlýsing.

Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu aflí.

Aflgjald	11 123,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	13 298,00 kr/kW/ár

A 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum.

Orkugjald	3,77 kr/kWh
Fastagjald	9 750,00 kr/ár

Heimilt er að velja lið A 1. ef hagkvæmara þykir.

B 1. Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun lágmarksaflgjald 15 kW.

Aflgjald	9 020,00 kr/kWh/ár
Orkugjald	2,20 kr/kWh